

**Nd.**

**291. Breytingartillaga**

[161. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Aftan við frumvarpið bætist svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Tollskrárnefnd skal í samráði við samtök sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar endurskoða öll atriði tollskrárinnar, sem snerta vélar og efni til þessara atvinnuvega, með það fyrir augum, að tollar á þessum vörum verði felldir niður. Tillögur nefndarinnar um þetta efni skulu lagðar fyrir næsta þing.